

# Heimsping esperantista

## Í Reykjavík 20. - 27. júlí 2013



Á annað þúsund gestir frá 55 þjóðlöndum koma til Reykjavíkur á heimsping esperantista sem fer fram í Hörpu vikuna 20. til 27. júlí. Einnig hafa margir boðað sig á sérstök for- og eftirþing á Norður- og Suðurlandi. Heimspingið hefur verið árlegur viðburður síðan 1905 að stríðsárunum undanskildum og er þetta í annað sinn sem slíkt þing fer fram á Íslandi, en árið 1977 sóttu 1200 manns þingið í Reykjavík.

Dagskrá þingsins er afar fjölbreytt, en þar koma saman margvíslegir hópar til að ræða allt frá vísindum og listum til mannréttinda og hjálparstarfs. Hér í Reykjavík verður boðið upp á sérstaka fræðslufyrirlestra um íslensk málefni og íslensku-kennsla stendur þinggestum til boða. Að sjálfsögðu fara allir fyrirlestrar fram á esperanto.

### Verndari þingsins

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands  
*Heiðursnefnd*  
Baldur Ragnarsson, esperantofrómuður  
Hallgrímur Sæmundsson, esperantofrómuður  
Jón Gnarr, borgarstjóri  
Katrín Jakobsdóttir, þingmaður  
Sigurður Línal, prófessor  
Tinna Gunnlaugsdóttir, þjóðleikhússtjóri  
Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands (fyrrv.)  
Illugi Gunnarsson, ráðherra  
Sigmundur D. Gunnlaugsson, forsætisráðherra

## Þema þingsins

Yfirlýst meginefni þingsins í ár er tungumálaleg sanngirni í samskiptum milli málsvæða. Þetta tengist einmitt þeirri hugsjón esperantista að allar þjóðir fái að

sitja við sama borð í samskiptum en þurfi ekki að laga sig að þjóðtungu annars, oft sterkara, ríkis.

*"Það er kominn tími til að þjóðir heimsins átti sig á að hlutlaust mál getur orðið skjaldborg menningar þeirra gegn einræðislegum menningaráhrifum einnar eða tveggja tungna sem verða æ augljósari um þessar mundir. Ég óska þess innilega að Esperanto eflist sem fyrst svo það verði fært um að þjóna öllum þjóðum heimsins."*

Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands frá 1980-1996

### Hafa samband

Hannes Högni Vilhjálmsson  
Formaður íslenskrar undirbuningsnefndar  
Sími: 618 6323 Netfang: [ica@esperanto.is](mailto:ica@esperanto.is)

Steinþór Sigurðsson  
Fréttatengsl  
Sími: 692 7608


Íslenska esperantosambandið  
Skólavörðustíg 6b, 101 Reykjavík  
Sími: 552 7288  
[esperanto.is](http://esperanto.is)

## Hvað er esperanto?

Esperanto er tungumál sem búið var til seint á 19. öld af pólska augnlæknum Ludvig Zamenhof til þess að leysa tungumálavanda heimsbyggðarinnar. Málið er eitt margra sem búið hafa verið til í því skyni að verða hlutlaust alheimssamskiptamál, þ.e. mál sem allir kunna, en enginn hefur að móðurmáli. Þótt vissulega vanti enn nokkuð á að markmiðið hafi náðst er esperanto lang útbreiddast þeirra mála sem búið hafa verið til í þessum tilgangi.

Fjöldi esperantista á heimsvísu er nokkuð á reiki, og ýmist

talað um hundruð þúsunda eða milljónir, en ljóst er að málsamfélagið er öflugt: á esperanto er gefinn út fjöldi tímarita, og um 50 þúsund bækur eru til á esperanto, ýmist þýddar eða frumsamdar, og margs konar félög, bæði staðbundin og fjölþjóðleg starfa á esperanto. Í seinni tíð hefur netið orðið vettvangur esperantista til samskipta, sem ætla má. Þess má t.d. geta að nú eru rúmlega 180 þúsund síður á esperanto-víkípedíu, lítið eitt fleiri en á dönsku.




# Af hverju lærir fólk esperanto?

Burtséð frá allri bjartsýni um að esperanto verði almennt tekið upp sem alheims-samskiptamál og taki við af útbreiddum þjóðtungum eins og ensku, þá eru mjög margir sem læra það einfaldlega til afþreyingar. Það er einfalt og fljótlegt að læra málið og um leið og fólk nær einhverjum tókum á því, opnast þeim afar skemmtilegt og fjölbreytt samfélag sem spannar hnöttinn allan. Þeir sem hafa gaman að því að ferðast og kynnst ólíkum menningarheimum geta til dæmis þegið opið heimboð esperantista í nánast öllum löndum heims.



## Esperanto á Íslandi



Íslendingar hafa nýtt sér esperanto í samskiptum við umheiminn allt frá lokum 19. aldar og verið mjög virkir í alþjóðlegu starfi og þá sérstaklega í útgáfu bóka og greina á esperanto. Þess má geta að margar helstu bókmenntaperlur Íslendinga, s.s. Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxness, Egilssaga og Eddukvæði eru fáanlegar á Amazon.com í esperanto-þýðingu Baldurs Ragnarssonar. Einn þekktasti íslenski esperantistinn var Þórbergur Þórðarson, en árið 1933 kom út eftir hann á íslensku bókin Alþjóðamál og málleysur þar

sem hann færir rök fyrir notkun málsins.

Íslenska esperanto-sambandið, Íslands Esperanto-Asocio, var stofnað 1950. Sambandið er opið öllum esperantistum og áhugamönnum um alþjóðamálið. Esperantistafélagið Aúroro í Reykjavík er aðili að sambandinu ásamt einstaklingum víða um land. Aúroro heldur opna fundi mánaðarlega og fara fundirnir mestmegnis fram á esperanto. Frekari upplýsingar um starfið á Íslandi er að finna á slóðinni [esperanto.is](http://esperanto.is).